

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

Bær við Salthöfða Eyðibýli í Öræfum

VI



Bjarni F. Einarsson
2008

Forsíðumyndin sýnir grip nr. 246. Hugsanlega er gripurinn úr blýi og gæti hafa verið hluti af klæðisplaggi, svo sem hnappur (Ljósm. BFE).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Október 2008

Inngangur

Sumarið 2008 var fjórða sumar rannsókna á Bæ í Örfæfasveit. Áður höfðu jarðsjármælingar og forrannsóknir átt sér stað með hléum frá árinu 2000. Öllum þessum rannsóknum hefur verið gerð skil í skýrslum (sjá heimildaskrá).

Fé fékkst á fjárlögum enn á ný og Fornleifafélag Örfæfa sá um húsnæði á meðan á rannsókn stóð. Sveitarfélagið Hornafjörður styrkti rannsóknina eins og áður. Úrvinnsla og skýrslugerð hefur verið að hluta til á kostnað Fornleifafræðistofunnar og frágangur á uppgraftarsvæðinu síðastliðið haust og nú var gerður með aðstoð sjálfboðaliða frá Umhverfisstofnun undir handleiðslu Chas Goemans.

Í fyrri skýrslum hefur verið fjallað um aðdraganda rannsókna, helstu heimildir um tilvist Bæjar og þær greinar og ritgerðir sem birst hafa um Bæ og gosið sem grandaði honum. Við það má bæta að ritgerð um lýsisframleiðslu á Bæ og Íslandi á miðöldum mun birtast í afmælisriti í þann mund sem skýrsla þessi er birt (Bjarni F. Einarsson 2008).

Í þetta sinn verður aðeins farið í helstu niðurstöður síðastliðins sumars, þ.e. niðurstöður rannsókna í skálanum og stofunni. Einnig verður fjallað um hlöðuna, en það tókst að ljúka rannsókn á henni á þessu eina sumri. Rannsókn á stærra búi (rými E) var lokið, en nánst ekkert var eftir til að rannsaka þar þegar á reyndi. Sérstaklega skal bent á að rannsókn á skála er ekki lokið sem þýðir að enn á eftir að rannsaka þar til hlítar. Byrjað var á rannsókn á rými B, en henni er hvergi nærri lokið og eins var lítill flötur framan við innganginn opnaður, en ekki farið niður í mannvistarlög.

Allir sem nú tóku þátt í rannsóknunum höfðu tekið þátt í þeim áður, en þeir eru, auk undirritaðs; Kristján Mímisson, Sandra Sif Einarsdóttir, Sindri Ellertsson Csillag, Inga Hlín Valdimarsdóttir, Guðbjörg Melsted, Brynhildur Baldursdóttir, Ármann Guðmundsson og Björn G. Arnarsson safnvörður á Höfn, en hann var ekki allan tímann.

Ég þakka öllum þessum aðilum sem nefndir eru hér í innganginum kærlega fyrir ánægjulegt samstarf og góðan árangur.

Að lokum skal tekið fram að sami háttur var hafður á nú og í fyrra, að rýmum sem rannsókn er lokið á voru/verða fyllt upp með vikri þannig að um 30 sm af veggjum stóðu upp úr. Þessi rými voru C og E, auk hlöðunnar. Einnig var vikur settur í göngin og skálann til að verja þau fram á næsta sumar. Áður hefur verið fyllt upp í rými A, A1, D, G, G1 og fjósið.



Mynd 1. Yfirlit yfir rústir Bæjar frá hömrunum norðan við bæjarstæðið. Sjá má græna bletti þar sem tyrft hefur verið yfir fullrannsökuð rými. Myndin er tekin í lok rannsókna 2008. (Horft mót S. Stafrænar myndir nr. 2008:120. Ljós. BFE).

Rannsóknin

Rannsóknirnar nú voru að venju beint framhald fyrri rannsókna á staðnum hvers markmið var og er að grafa út allan bæinn, fjósið og hlöðuna auk þess sem fleiri húsa verður leitað, sérstaklega smiðjunnar sem líklega er þarna að finna einhversstaðar innan túngarðsins.

Þau rými sem nú teljast fullrannsökuð eru A og A1 (lýsisgerðarhús), C (stofa), E og D (búr), G og G1 (eldhús og það sem áður hefur verið kallað dyngja), fjósið og hlaðan.

Viðfangsefni sumarsins voru rými B, C, E, F (skáli) og hlaða og tókst að klára þessi rými nema B og F, auk svæðis framan við dyrnar.

Um aðferðir vísa ég í fyrri skýrslur. Sama hnita- og hæðarkerfi var notað og byrjað næstu lausu númerum í gagnagrunnum, svo sem í fundaskrá, stafrænum myndum o. s. frv. Samtals voru 74 fundarnúmer skráð í þetta sinn, sem er nokkuð minna en árið áður.

Rannsóknin stóð yfir frá 2. - 24. júní síðastliðinn og frágangsvinna fór fram í október síðastliðinn.



Mynd 2. Stofa, rými C. Sjá má hringlaga blett á miðju gólfi sem ekki var eftir stoð, en ein stoðin var í dældinni hægra megin við blettinn. Önnur svipuð hola er rétt ofan við holuna, aðeins til vinstri. Ef myndin prentast vel má sjá ljósari gólflag út við vegg, sérstaklega hægra megin. Aðeins ofar í mannvistarlögunum var mun meira af steinum við vegg sbr. mynd 1 á bls. 5 í skýrslu V. (Horft mót V. Stafrænar myndir nr. 2008:11. Ljósm. BFE).

Herbergi C, stofa

Nú telst stofan fullrannsökuð miðað við markmið rannsókna sem var að rannsaka býli eins og það var árið 1362. Í ljós kom að undir stofunni var eldra og minna rými, sem ekki verður rannsakað frekar. Því er eftirfarandi lýsing lokalýsing á rýminu þar sem niðurstöður fyrri rannsókna eru teknar saman og skeytt við niðurstöður sumarsins 2008.

Rýmið var svolítið laskað í NA - horni þar sem vantaði nokkuð af grjóti í veggina. Líklega hefur lækurinn og uppblástur verið orsök þessa, en skaðinn var aðeins á horni hússins ofan við neðstu steinaraðirnar.

Stærð stofunnar er 3,15 x 3,50 m og snéri hún A - V. Því hefur það verið um 11 m² að stærð. Þessar tölur eiga við stofuna eins og hún var eftir stækkun, en rýmið var stækkað (lengt) eins og áður getur til austurs um einn metra. Hefur það þá verið 3,15 breitt og 2,50 m langt eða 7,86 m². Þessa



Mynd 3. Útlínur bæjarins á Bæ eins og þær litu eftir rannsóknina 2006. Eins og fram kemur í textanum eru mörg rýmanna fullrannsökuð og teikningar fullgerðar. Það verður hins vegar látið bíða betri tíma að fullgera teikninguna með tilliti til þeirra rýma sem eru tóm á þessari teikningu. Það verður gert þegar öll rýmin hafa verið rannsökuð til fulls, en eftir eru aðeins rými B og F, auk bæjarhlaðsins.

stækkun mátti m.a. sjá á því að neðsta grjótið í viðbótinni var mun hærra en neðsta grjótið í upprunalega rýminu. Sömuleiðis flaut yngra gólfíð yfir gamla gaflvegginn og að þeim nýja. Nýji hlutinn hefur þó fyrst og fremst verið pallur eða bekkur, en ummerki slíkra palla voru nokkuð greinileg við alla veggi herbergisins, nema vesturvegginn.

Dyr eru á rýminu á vesturgafli, nokkuð nálægt norðurvegg þess. Liggja dyrnar inn í göngin þar sem þau enda við skálann, eða byrja á leið sinni inn í

minna búrið, rými D. Breidd dyranna var 0,8 m, lengd 1,5 og hæð kampanna 1,18 m fyrir miðjum dyrum báðum megin. Dyrnar voru því 1,20 m² og ætti að leggjast við stærð sjálf rýmisins sem var 11 m² eins og áður hefur komið fram.

Þegar unnið var að því að tæma rýmið af vikri komu stoðarholur í ljós í hornum þess. Þessar holur sást í NA -, SA - og SV - hornunum, en hurfu svo þegar niður að gólfi var komið. Einnig sást stoðarhola á miðjum suðurveggnum og vísbending um eins holu beint á móti, á miðjum norðurvegg. Ekki varð vart við stoðarholu í NV - horninu. Þvermál þessara stoðarhola var um 10 sm. Stoðir þessar hafa annaðhvort verið hluti af timburpili eða verið þakberandi stoðir, nema hvorttveggja sé.



Mynd 4. Stofan nær fullrannsókuð. Sjá má meintan pall undir vefstað við vegginn vinstra megin og hellur sem gætu verið undan sæti þar fyrir framan. Stoðarhola A er við tréhælinn hægra megin við miðju myndarinnar. Neðst t. h. glittir í vegg sem tilheyrir eldri kynslóð herbergisins. Rétt neðan við mælistikuna efst í mynd er hugsanlega þró, en minni þróin er enn ekki komin fram þar sem hún er við vegginn efst í mynd. Enn má sjá ljós jarðlög upp við vegg hægra megin og neðst, en það eru ummerki um bekki. (Horft mót V. Stafrænar myndir nr. 2008:40. Ljós. BFE).

Þegar komið var neðar í sjálft gólfið komu í ljós tvær stoðarholur, stoðarhola A og B, úti á gólfinu sem greinilega höfðu verið aflagðar í lok tilveruskeiðs rýmisins þar sem gólflag hafði myndast yfir þeim, hugsanlega þegar rýmið var stækkað. Stoðarholur þessar voru mun umfangsmeiri en stoðarholurnar í hornunum. Sama má reyndar segja um flestar aðrar stoðarholur í bæjarrústunum enn sem komið er. Hugsanlega voru aðrar tvær stoðarholur frammar (vestar) í rýminu. Þetta bendir til þess að upphaflega hafi rýmið verið þrískipa, en því hafi svo verið breytt síðar og rýmið því opnast til muna. Þá hafa stoðirnar upp við veggina og í hornunum hugsanlega tekið við hlutverki þessara stoðarhola.

Þvermál stoðarholu A var um 0,30 sm og dýpt hennar var um 12 sm niður að hellu. Í fyllingu hennar var mikið af viðarkolum, brenndum beinum, ösku og sóti. Neðst í henni var hella (stoðarsteinn). Sennilega hefur stoðin verið tekin upp á einhverjum tímamarki og hún færð litillega til austurs, en þar var líklega önnur hola sem ekki var hægt að kanna frekar vegna þess hve ummerkin voru lítil. Auk stoðarholanna sem nú hafa verið nefndar, fundust a.m.k. 15 pinnaholur. Voru þær einkum í kringum meintan vefstað við suðurvegginn og í SA - horni herbergisins.

Þvermál stoðarholu B var um 0,35 - 0,40 sm og dýptin svipuð og í holu A, en þó aðeins minni (var ekki mæld).

Efst í gólfinu var ríkulegra af steinum út við veggina en út á miðju gólfi sem bendir til þess að þar hafi verið bekkir (sjá mynd 2). Dreifing gripa



Mynd 5. Snið í stoðarholu A. Hellan sést vel á botni. Mælikvarðinn sýnir 20 sm. (Horft mót NA. Stafrænar myndir nr. 2008:76. Ljós. BFE).



Mynd 6. Snið í stoðarholu B. Hella á gólfi eins og í stoðarholu A. á myndinni sést vel hve þykkt gólfið er. Mælikvarðinn sýnir 20 sm. (Horft mót S. Stafrænar myndir nr. 2008:106. Ljós. BFE).

styður þetta einnig, en þeir fundust aðallega nærri miðju gólfs, ekki út við vegg. Þegar neðar dró í gólfinu urðu steinar þessir minna áberandi. Þá fóru gripir að finnast nær veggjum.

Við suðurvegginn komu í ljós hellur á gólfinu sem minntu verulega á hellur í SV - horni skálans á Stöng í Þjórsárdal, en þær hafa verið túlkaðar sem pallur eða flötur undir vefstað (sjá mynd 4). Hellurnar í stofunni á Bæ eru túlkaðar á sama hátt. Því til áreitingar má benda á að kljásteynar nokkrir fundust á þessum stað og holur í gólfið sem voru ekki stoðarholur. Minntu þær einna mest á músarholur, en mýs voru aldrei í Örfæfum fyrr á öldum. Holurnar gætu hinsvegar hafa verið eftir vefstað. Tveir snældusnúðar, þeir fyrstu á Bæ fyrir utan einn lausafund frá 2006, fundust skammt hjá í SV - horni stofunnar. Að lokum má benda á að hryggjarliður úr hval var á gólfinu miðju og getur þar vel hafa verið kollur eða lítið sæti framan við vefstaðinn. Hryggjarliðnum var ekki hægt að bjarga og sama á við um annað hvalbein sem í gólfinu var skammt hjá.

Við vesturvegginn, sunnan við dyrnar, var lítil þró með hellur á allar hliðar, nema mót SA (sjá mynd 7). Stærð hennar var 19 x 21 sm og dýptin var mest 25 sm. Myndaði þróin um 45 gráðu horn á vegginn þannig að vesturhorn hennar snéri að veggnum. Minnti hún dálítið á minni þróna í herbergi A. Í þrónni var kolasalli (sjá mynd 7).



Mynd 7. Litla þróin í stofunni. Sjá má hreinan kolasalla í henni. Mælikvarði sýnir 20 sm. (Norður vísar til hægri. Stafrænar myndir nr. 2008:123. Ljósm. BFE).

Rétt fyrir innan dyrnar var ferningslaga blettur með hellum á þrjár hliðar (sjá mynd 4). Lágu hellurnar næstum því láréttar á gólfinu, en gætu hafa verið í þró um 0,4 x 0,6 m stóra. Ekki er þó hægt að útiloka að um steinfóðraða stoðarholu hafi verið að ræða. Form holunnar gæti stafað af því að um tvöfalda stoðarholu sé að ræða þar sem ein stoð hefur tekið við af annarri, eða að stoð hafi verið færð til eftir gólfinu. Þetta gæti hafa verið stoðarhola frá þeim tíma þegar rýmið var þrískipa. Holan var full af mannvistarlagi (gólflagi). Úr holunni var eitt sýni tekið, nr. 36.

Gólfíð var mjög greinilegt og í því voru viðarkol, sót, aska, brennd bein og lífrænar leifar. Í því voru einstaka steinar, en þó ekki hellulagt gólf. Þykkt þess í miðju rýminu var um 20 sm, það sem kannað var. Í dyrunum voru hellur á gólfi og náðu þær aðeins inn á gólfíð í stofunni.



Mynd 8. Snældusnúður sem fannst í SV-horni stofunnar. (Gripur nr. 187).

Hæð veggja frá gólfi, mæld fyrir miðju hvers og eins þeirra var eftirfarandi. N - veggur var 1,22 m, V - veggur 1,31 m, S - veggur 1,50 m og austurveggur 1,20 m. Aðeins austurveggurinn var svo laskaður að upprunaleg hæð hans



Mynd 9. Svona leit stofan út þegar rannsókn var hætt. Viðbótin er í hvarfi. Sjá mógrilla í þrónna undir vesturvegg (vinstra megin við dyrnar) og meinta stærri þró beint inn af dyrunum, en þar var hugsanlega stoð. (Horft mót V. Stafrænar myndir nr. 2008:108. Ljósm BFE).

er óviss, en hæðir hinna veggjanna gefa góðar vísbendingar um hæðina eins og hún var þegar bærinn var og hét.

Ekkert eldstæði fannst í herberginu svo að öruggt væri, en þó er hugsanlegt að aflagt eldstæði hafi verið í SV - horni þess, en yfir því var gólflag. Einnig er mögulegt að áðurnefnd þró hafi verið eldstæði, þó lítið sé og að SV - hornið verði að teljast óvenjulegur staður fyrir eldstæði. Hafi þróin verið eldstæði verða þau ummerki um eldstæði sem þrátt fyrir allt sáust í SV - horninu.

Í rýminu voru 62 skráð fundarnúmer og eru fleiri en einn gripur undir nokkrum þeirra, sérstaklega bein og tennur. Auk brenndra og óbrenndra beina húsdýra, hvala og fiska fundust í stofunni talsvert af brons- eða kopargripum sem voru aðallega þunnar og ógreinanlegar þynnur, bönd og pjötlur auk eins gripar bæði úr bronsi og tré og annars úr bronsi og textíl. Einnig fundust átta brýni úr erlendu flögubergi, tveir snældusnúðar, átta kljásteynar eða sökkur, fimm eldsláttusteinar eða brot úr þeim, tveir ullarþræðir, rónagli og band úr járn, átta tréþinnar, tveir trétappar, tveir tréstafir með lögg (sjá forsíðu skýrslu V), tréhæll, leðurþjatla og ein götuð plata úr látúni (sem þó gæti verið gull, svipuð og líkur gripur úr skálanum).

Átta sýni voru tekin úr rýminu. Fjögur sýnanna voru úr gólfum, eitt var tekið úr meintu millilagi á milli gólfa og var trúlega gjóska (nr. 34), eitt var viðarkolasýni (nr. 35) sem tekið var úr þrónni í SV - horni rýmisins, eitt (nr. 36) var tekið úr holu sem túlkuð er sem far eftir sæti. Loks var eitt sýnið beinaleifar.



Mynd 10. Eldsláttusteinn úr stofunni. Steinninn er úr hrafntinnu, en svipaðir steinar úr jaspis fundust einnig á bænum. (Gripur nr. 191).



Mynd 11. Meint kola úr óunnum steini sem fannst í stærra búrinu. Þvermálið er um 15 sm. Fleiri slíkir gripir hafa fundist á Bæ eins og á mynd 10, sumir þó mun stærri. Sjá nánar í kaflanum um ljósfæri. (Gripur nr. 205).



Mynd 12. Hryggjarliður úr hval í gólfi stofunnar. Ekki var unnt að bjarga beininu betur en þetta. (Stafr. myndir nr. 97. Ljós. BFE).

Búr E

Eins og fram kom í skýrslu síðasta sumars var aðeins eftir að rannsaka þunna skán af gólfinu, sem eftir var. Reyndist skán þessi afar þunn, en þó fannst þar einn meintur gripur, en að öðru leyti kom ekkert nýtt fram um búrið, sem ekki var vitað áður. Kemur því lokalýsing á rýminu hér.

Búr E er verst farna rými bæjarins, en ástæðan er súrheysgryfja sem grafin var árið 1918. Hefur gryfjan tekið af mest allan norðurvegg rýmisins, en þó má enn sjá nokkra steina neðst að vestanverðu, sem marka hina upprunalegu vegglínu búrsins. Af henni má ráða lengd búrsins því sem næst nákvæmlega.

Búrið sem er stærra búrið af tveimur á bænum er staðsett vestan við búr D. Er um 3 m þykkur torfveggur á milli. Er gengið úr skála inn í búrið. Stærð búrs E er 1,8 x 3,0 m, eða 5,4 m². Snýr það N - S. Líklega er rýmið grafið inn í hallann sem þarna er, allarvega norðurhluti þess.

Suðurveggurinn austan við dyrnar var 1,29 m hár og er sú hæð vísbending um hæð hinna veggjanna. Hæð þeirra reyndist hins vegar vera 0,68 í austur, og 1,06 m í vestur. Af norðurveggnum var nánast ekkert eftir vegna súrheysgryfjunnar sem getið er hér að ofan.

Dyr inn í búrið voru vestast á suðurveggnum. Mjókkudu þær upp á við og voru 0,40 m breiðar þar sem þær voru mjóastar efst en 0,65 m breiðar neðst. Með tímanum hafa dyrnar orðið enn mjórri eftir því sem fjær dregur upphafi



Mynd 13. Stærra búrið (E) nær fullrannsakað. Sjá má hellur á gólfi og í gegnum dyrnar sést í skálann. Myndin er tekin úr skýrslu V. (Horft mót S. Stafrænar myndir nr. 2007:28. Ljósm. BFE).

rannsóknna. Dýpt, eða lengd dyranna er 1,10 m. Dyrnar hafa því verið 1,44 m² að flatarmáli. Hæð dyranna frá gólfi var um 0,94 m að vestan og 1,10 m að austan. Báðar mælingar eru gerðar í miðjum dyrum. Í dyrunum voru margar hellur sem lágu ofan á hvor annarri, enda hefur þeim verið bætt í eftir því sem gólfið hækkaði fyrir innan og utan. Efstu hellurnar voru talsvert hærrí en hæsti punktur gólfsins og því hafa þær myndað einskonar þröskuld á milli skálans og búrsins. Dyrnar eru ekki fullkannaðar, en það verður gert í tengslum við rannsóknina á skálanum.

Gólfið í búrinu hefur upphaflega verið hellulagt um miðbikið. Síðan hefur hlaðist upp mannvistarlag allt að 30 sm á þykkt og ekki verið hirt um að leggja nýjar hellur ofan á, eða stinga út gólfið. Þykknaði gólfið nokkuð eftir því sem innar dró. Við langveggina var nánast ekkert gólflag sem bendir til þess að þar hafi verið timburþil og/eða einhver umbúnaður annar svo sem bekkir, hillur eða hirslur. Efst í gófinu lágu steinar sem augljóslega hafa fallið úr veggjunum. Hugsanlega hefur það gerst í jarðskjálfta, en ofan á þessum steinum var vikur svo ekki hafa þeir fallið eftir að hann féll. Gólfið var fullt af viðarkolum, brenndum beinum, ösku og sóti. Einnig fundust leifar af hrísi í gólfinu, svipað og fannst í rekkjunum og gólfi skálans.

Skammt innan við dyrnar, að vestanverðu, fundust þrjár pinnaholur í beinni röð með veggnum. Þær styðja þá tilgátu að við vegginn hafi verið timburþil eða annar umbúnaður sem áður er getið. Fleiri pinnaholur fundust í rýminu sbr. flatarteikningu. Hins vegar fundust engar stoðarholur sem annaðhvort stafar af því að þarna hafa stoðir staðið á



Mynd 14. Gullhringurinn úr búrinu á Bæ. (Gripur nr. 43).



Mynd 15. Trépinni úr gólfi búrsins. 22 slíkir pinnar eru skráðir í búrinu. (Gripur nr. 150).



Mynd 16. Meint trélok úr búrinu. Lokið hefur verið rennt á rennibekk. (Gripur nr. 49).

stoðarsteinum, eða að stoðirnar hafi verið með veggjum og þakið hafi aðallega hvílt á veggjunum.

Athyglisvert er að ekkert sáfar fannst í gólfinu og er talið fullvíst að sár hafi aldrei staðið í þessu rými, allavega ekki niðurgrafinn eins og altítt er um sái. Ekki er þó hægt að útiloka að tunnur hafi staðið á hellum í rýminu.

Í búrinu voru skráð samtals 98 fundarnúmer. Mikið fannst af beinum og timburleifum, en 43 númer voru yfir gripi úr timbri, samtals 45 gripir. Helstu timbregripirnir voru fjöldi pinna, tveir hælur, sjö stafir og fimm þeirra með lögg, tveir tappar (annar óviss tappi), skaft og timburlok. Einnig fundust þrjár kljástear/sökkur, tvö brýnisbrot úr flögubergi, leðurpjatla, járnagli, meint kola (mynd 11) og hismi af skel. Skemmtilegasti gripurinn var svo fingurhringur úr gulli (mynd 14). Var hann afar þunnur spíralhringur úr 8 karata gulli. Verður nánar fjallað um hina meintu kolu og svipaða gripi hér á eftir í kaflanum um ljósfæri og upphitun. Að lokum má bæta við þessa fundi kvarnarsteininum sem fannst þegar súrheysgryfjan var grafin 1918. Hann liggur væntanlega einhversstaðar ómerktur í geymslum Þjóðminjasafnsins og því glataður, nema að brot úr honum finnist á Bæ sem hægt er að bera við ómerkt brot í safninu.

Sú staðreynd að hefðbundinn sár hafi ekki verið í þessu buri leiðir til þeirrar ályktunar að í búrinu hafi þurr matur eða þurrmeti einkum verið geymdur svo sem þurrkað kjöt, skreið/harðfiskur, mjöl, kyrnur o.s.frv. Í minna búrinu, þar sem getum hefur verið leitt að því að sár hafi staðið, hafi hins vegar votmeti verið geymt, svo sem ýmiskonar súrmatur. Á Stöng og Sámsstöðum, auk fleiri bæja, voru tvö búr sem vel geta hafa verið af sama toga, þurr og vot búr ef þannig mætti að orði komast.

Úr gólfinu voru tekin samtals 9 sýni, þ.á.m. hrís sem í því fannst.

Skáli F

Stefnt var að því að klára skálann þetta sumar, en sökum gríðarlegrar gólfþykktar, eins og í stærra búrinu, tókst það ekki. Að auki var vatnsagi þess valdandi að ekki var hægt að fara í skálann fyrr en nokkuð var liðið á rannsóknartímann. Ekki liggur alveg ljóst fyrir hvað þarf að rannsaka mikið enn miðað við markmið rannsókna. Ljóst er að undir skálanum er eldra rými rétt eins og undir stofunni og víðar. Miklar líkur eru á að magnið sem eftir er að rannsaka sé ekki ýkja mikið og það verði klárað næsta sumar fáist til þess fé.

Lokalýsing á skálanum verður því látin bíða næsta sumars, en helstu niðurstöður nú voru að svo virðist sem rekkjurnar tvær hafi verið byggðar á seinni stigum skálans og að miðskipið hafi verið hellulagt og undir hellunum hafi verið ræsi sem lá frá stærra búi austur að göngunum, en þar var annað ræsi sem lá eftir nær öllum göngunum áfram út úr húsinu.

Í fyrri skýrslu var stærð skálans gefin upp að meðtöldum göngum, sem þá voru ekki alveg örugg. Nú er ljóst að þil hefur staðið á milli skála og ganganna og því öruggt að skálinn er aðeins minni en áður var upp gefið. Hann er um 3,10 x 4,25 m stór sem gerir 13,18 m². Ekki er ástæða til að lýsa rýminu frekar að öðru leyti en því að í ljós kom önnur eins rekkja beint austur af þeirri sem fannst síðastliðið sumar og kölluð var stafnrekkja eða stafnhvíla (Ibid 2007:15). Snéru þær stöfnum saman. Í nyrðri rekkjunni fannst hrís á botni, hugsanlega reiðingur. Einnig bendir allt til þess að rýmið hafi verið þrískipa, með tvöfaldri stoðarröð eftir endilöngu rýminu og að miðskipið hafi verið nokkuð lægra en hliðarskipin. Ekki er enn ljóst hvort nyrðra hliðarskipið hafi haft palla eða bekkir, en rekkjur voru þar varla. Gripadreifingin bendir til þess að þar hafi ekki verið allar eða bekkir.

Gólfíð virðist hnausþykkt og fullt af viðarkolum, sóti, ösku, brenndum beinum og mikið af lífrænum leifum. Líkist það mjög gólfinu í búi E. Í því fundust einnig leifar af reiðing eða hrísi. Samtals voru 26 fundanúmer skráð í skálanum nú. Þ.á.m. voru einn kljásteyn, þrjár kolur, ein óviss,



Mynd 17. Botn snældusnúðar sem fannst í gólf skálans. Sjá má ristur í snúðinn. Hægra megin gæti verið krotað + og leifar af eins kroti hægra megin. Krotið gæti verið tákn um þyngd snúðsins, eða einhverskonar fangamark (Gripur nr. 238).



Mynd 18. Skaftkola úr íslensku bergi. Kolan hefur trúlega farið illa í gusthlaupinu, snögghitnað og brotnað í marga hluta. Myndin tekin við afar vondar aðstæður. (Gripur nr. 199).

snældusnúður, 17 brýni úr erlendu flögubergi, nokkrir ógreinanlegir járngripir, tveir gripir úr tré og málmþynna með gati sem gæti verið úr gulli (nr. 247). Nokkuð fannst



Mynd 19. Hluti af skaftkolu með ferhyrnri skál. Líklega úr sama bergi og kolan á mynd 18. Myndin tekin við afar vondar aðstæður. (Gripur nr. 207).

Mynd 20. Endi á brýni úr erlendu (norsku?) flögubergi. Borað hefur verið gat við endann. (Gripur nr. 200).

af beinum, brenndum og óbrenndum í skálanum.

Eitt sýni var tekið úr gólfinu þetta sumar (sýni nr. 21). Fleiri sýni verða tekin næsta sumar og lokalýsing á skálanum verður væntanlega gerð eftir að rannsókn á honum lýkur þá.



Mynd 21. Skálinn eins og hann leit út eftir rannsókn 2008. Neðst grillir í hellullögð göngin og þar norðan við var þil sem skilið hefur að skála og göng. Sjá má nokkrar stoðir standa upp úr gólfinu, á mörkum skipanna. (Horft mót V. Stafrænar myndir nr. 2008:113. Ljósm. BFE).



Mynd 22. Horft úr dyrum stofu yfir í skála. Sjá má glytta í göngin framan við dyrnar í stofunni. (Horft mót VSV. Stafrænar myndir nr. 2008:115. Ljós. BFE).

Hlaða

Hlaðan var 3 x 6 m að stærð, eða 18 m². Hæð veggjana fyrir miðju er 1,33 m að vestan, 1,40 m að austan og 0,40 m við norðurgaflinn, en þar var veggurinn illa farinn vegna vatnsrofs sem þar var snemma eftir að bærinn fór í eyði. Sjá má vatnsborinn vikur í þunnum lögum ofan á veggnum og utan við hann.

Suðurendi hlöðunnar, þar sem hún mætir fjósinu, er talsvert mjórri en fjósið. Er endinn á hlöðunni 2,50 m breiður við mótin. Ekki er hægt að sjá neinar dyr á milli rýmanna, en hugsanlega hefur verið timburþil með dyrum eða opi á milli rýmanna, en þar var röð nokkuð stórra steina sem stóðu hærra en gólfið í fjósinu. Munaði 48 sm þar sem mestur var munurinn á fjósgólfinu og steinaröðinni. Hlöðumegin við steinaröðina var



Mynd 23. Meint kola úr skála. Sjá einnig mynd 11 og kaflann um ljósfæri. (Gripur nr. 233).



Mynd 24. Hlaðan fullrannsökuð. Sjá má rennurnar tvær sameinast í eina beint fyrir ofan flórinn ofan við miðja mynd. Flórinn er hér kominn undir vikur og gras. Leifar af rásinni niður við gólf hlöðunnar sést niðri t.v. (Horft mót S. Stafrænar myndir nr. 2008:23. Ljós. BFE).

hæðarmunurinn á steinaröðinni og hlöðugólfinu rúmlega helmingi minni eða 20 sm. Gólfíð hækkaði lítilega eftir endilangri hlöðunni og var gólfhæðin við norðurgaflinn 20 sm hærri en við steinaröðina á mótunum. Er það talsvert minni halli en var á hlöðunni á Gröf. Hæðarmunurinn á dyrunum í fjósinu á Bæ og innst inni í hlöðunni var 94 sm, en það er tæplega helmingi minni en sambærilegur hæðarmunur var á Gröf. Þar var hæðarmunurinn heilir tveir metrar.

Hlaðan breikkar til norðurs og nær mestri breidd sinni rétt norðan við miðju og er þar 3,60 m. Eftir það er hún tiltölulega jafnbreidd að norðurgafli. Á norðurgaflinum, niður við gólf, var loftrás austast á gaflveggnum. Breidd hennar var 1,2 m og hæð hennar um 0,15 - 0,20 m. Sjá mátti að vikur hafði þrengt sér inn um þessa rás, trúlega í upphafi gossins. Þegar hlaðan var rannsökuð á ný sumarið 2008, eftir tveggja ára hlé, reyndist ekki unnt að skoða rás þessa nánar. Sást reyndar ekkert sem benti til þess að þarna hafi verið rás. Ástæðan hlýtur að vera sú að gaflinn hafi farið illa þennan tíma

sem hlé var gert á rannsókn hlöðunnar, því svo greinileg var rásin sumarið 2006 að enginn vafi leikur á því að þarna hafi verið ein slík (Bjarni F. Einarsson 2007:25). Þessu til stuðnings má benda á ræsin í hlöðugólfinu, en annað þeirra byrjaði þar sem loftrásin var. Hitt ræsið byrjaði við norðurenda vesturveggjarins. Lágu þau svo á ská yfir gólfið og sameinuðust skammt norður af mótum hlöðunnar og fjóssins og runnu svo sameinuð niður í flórinn. Mynduðu þau því Y - laga línur á gólfinu með leggin niður að flórnum. Ræsi þessi voru byggð úr hellum sem lagðar voru ofan á minni steina til að mynda loftrými fyrir loft og/eða vatn. Samskonar ræsi mátti sjá í skálanum og eftir endilöngum göngunum, auk flórsins í fjósinu.

Hugsanlega hafa rásin í gaflinum og ræsið frá henni verið hluti af sama kerfi, t.d. að fá loft til að flæða undir hlöðuna og taka það vatn sem hugsanlega var að þvælast við gólfið. Þannig gat þetta kerfi þjónað sama hlutverki á tvo vegu, halda gólfinu þurru og leiða þurrt loft undir hlöðuna til að halda heynu þurru. Takmarkið var eitt og hið sama, að halda heynu þurru og góðu.

Við rannsóknina sumarið 2006 fannst far eftir stoð í vikrinum (stoð 1. Ibid 2007:25). Var í rauninni aðeins um hismi, eða skugga af stoð, að ræða. Hún hefur verið um 15 sm í þvermál. Um 80 sm ofan við gólfið mátti sjá að stoðin hefur brotnað einhverntíman eftir gosið, eða um það leyti sem þakið hefur gefið sig undan vikurfarginu á þakinu. Sumarið 2008 fundust aðrar tvær stoðarholur (hola 2 og 3)¹. Ekki fundust stoðarholur að austan-



Mynd 25. Skuggi af stoð við vesturvegg hlöðunnar. (Horft mót S. Stafrænar myndir nr. 2008:2. Ljósm. SSE).

verðu. Stoðirnar þrjár hafa staðið aðeins frá veggjum og myndað tvær samsíða raðir. Hefur því hlaðan verið þrískipa, eða því sem næst. Miðskipið hefur verið lang breiðast, mun breiðar en gengur og gerist í þrískipa húsum þar sem bekkir eða rekkjur eru í hliðaskipum eins og sjá má í skálanum. Engar stoðarholur fundust, enda mátti sjá á stoð 1 að hún hvíldi beint ofan á hellu á gólfinu. Gera má ráð fyrir að aðrar stoðir hafi einnig staðið ofan á slíkum hellum, eða stoðarsteinum. Eins og skuggarnir af stoðunum sýna þá er nær ekkert eftir að sjálfum stoðunum. Hefur grunnvatn flutt allt efni burt,

¹ Staðsetning stoðanna á gólfinu voru áætlaðar og teiknaðar inn á flatarteikningu.

en skilið eftir hismi eða skugga í vikrinum. Með þetta í huga er ekki hægt að átta sig á því hvort hey hafi verið í hlöðunni eða ekki, þegar gusthlaupið reið yfir. Hafi verið hey í hlöðunni hefur vatn fært það burtu, en sökum gríðarlegra járnútfellinga neðarlega í hlöðunni var ekki hægt að sjá neinn skugga af heyinu, hafi það verið til staðar.

Í hlöðunni var mikið af þakhellum sem lágu nokkuð ofarlega í vikrinum í norðurhluta hússins. Í suðurhlutanum voru hellurnar þó nær gólfinu og við mótin á hlöðunni og fjósinu lágu þakrestar næstum á sjálfu gólfinu (sjá t.d. skýrslu 2007). Þar má gera



rád fyrir að þakið hafi verið veikast fyrir hnjaski. Að auki var fjósið talsvert breiðara en hlaðan og því þolað minna farg, eða þolað fargið í

Mynd 26. Hlaðan og fjósið séð frá hömrinum norðan við bæjarrústirnar. (Horft mót S. Stafrænar myndir nr. 2008:121. Ljósm. BFE).

styttri tíma og því náð að falla áður en vikurinn hafði troðið sér inn um op og göt á húsunum. Þetta mátti t. d. ráða af því að um dyrnar og loftrásina hafði vikur troðist inn og þar var meira af vikri á gólfum en innar í húsunum fyrir þeim miðjum.

Engir gripir fundust í hlöðunni. Tvö sýni voru tekin í henni, eitt úr gólfinu og eitt innan úr ræsinu. Áður höfðu sýni verið tekin í sambandi við jarðfræðirannsóknir sumarið 2006 (Páll Valdimar Kolka Jónsson 2007).

Göng og Bæjardyr

Í kverkinni, þar sem göngin liggja út úr bænum, er hurðalaust op á bænum sem var 1,35 m breitt yst. Þar inn af var smárymi, um 1,8 m langt þar sem tvær hurðir hafa opnast inn eða út úr, annarsvegar inn eða út frá rými B og hinsvegar inn í göngin eða út frá þeim. Kalla mátti rými þetta önd. Síðarnefndu dyrnar hafa verið sjálfar bæjardyrna eða aðaldyr bæjarins. Voru þær 0,75 m breiðar og hæð veggjanna 0,84 m við vestari kampinn og 0,86 við þann eystri, sem er í raun hluti af dyrakampinum inn í rými B. Við innri



Mynd 27. Prepskjöldurinn í bæjardyrum Bæjar. Sjá má hæðarmuninn og timburleifar efst á brúninni. Myndin er tekin úr öndinni (andyrinu) (Horft mót N. Stafrænar myndir nr. 32. Ljós. BFE).

dyrnar, þær nyrðri er hella sem lá herra en hellurnar utar í dyrunum og fremst á henni voru mjög morknar leifar af þröskuldi úr timbri. Frá þröskuldinum að skála eru göngin um 2,4 m löng. eru þau því um 4,2 m löng frá ysta opinu

(ysti í öndinni) inn að skála. Heildarlengd ganganna frá dyrum að norðurvegg minna búrsins (rými D) suður að ytri mörkum andysins er um 11,80 m.

Kampurinn við þröskuldinn var 0,47 m hár að vestan og 0,86 að austan. Hæðin að vestan stafar af raski sem hefur orðið þeim megin á veggnum við eldhúsið, rými G.

Gólf andysins var hellulagt á sama hátt og göngin og undir hellunum var ræsi sem lá vel fram á hlaðið. Í raun og veru var samfelld hellulögn frá minna búrinu talsvert út fyrir andyrið og við tók svo hellulögn áfram að rými A og önnur hellulögn í átt að fjósinu (sjá næsta kafla).

Í göngunum fannst einn gripur, draglóð sem sést á mynd 29.



Mynd 28. Göngin séð úr andyrinu framan við bæjardyrnar. Sjá má timburleifar við upphækkunina neðarlega á myndinni við kampinn hægra megin. (Horft mót N. Stafrænar myndir nr. 2008:31. Ljós. BFE).



Mynd 29. Draglóð sem fannst við dyrnar inn í stofu. Sjá má klapaða rás um steininn langsum og þversum fyrir band eða kapal. Steinninn hefur verið notaður til að loka hurð. (Gripur nr. 221).



Mynd 30. Svæðið á hlaðinu framan við bæjardyrnar sem rannsakað var. Sjá má stéttina sem liggur til hægri meðfram húsveggnum (rými B) og sömuleiðis stéttina sem liggur til vinstri með húsvegg (rými G) í átt að fjósinu. Gráa svæðið neðarlega fyrir miðju er öskuhaugur. (Horft mót NNA. Stafrænar myndir nr. 100. Ljósm. BFE).

Hlaðið

Grafið var í gegnum vikurinn á um 2,7 x 2,8 m stóru svæði í kverkinni framan við bæjardyrnar. Undir vikrinum var komið niður á stétt sem lá annarsvegar frá dyrum til suðurs í átt að lýsisgerðarrýminu (rými A) og hins vegar til vesturs í átt að fjósdyrnum, en í skýrslu IV var talið líklegt að stéttirnar lægju einmitt að þessum húsum (Ibid 2007:27). Lá síðartalda stéttin upp lítinn hól sem þarna hefur verið, en hóllinn er trúlega ekkert annað en gamall öskuhaugur frá tímanum fyrir stækkun bæjarins, þ.e.a.s. áður en herbergjum A, A1, B, G og G1 var bætt við hann. Eftir viðbót þessara rýma hefur þurft að færa hauginn fjær og leggja stétt yfir þann gamla.

Þetta var ekki sami haugur og nefndur er í skýrslu IV (Ibid 2007:27), en hann var talinn vera eldri en rými A, A1 og B. Nú verður að telja hugsanlegt

að þessi haugur sé yngri haugur en sá fyrstnefndi og sé því myndaður eftir að rými A, A1 og B hafi verið byggð. Hefur hann þá tekið við hlutverki hins gamla.

Ekki var grafið niður í gegnum mannvistarlög á hlaðinu, það bíður betri tíma. Sé það rétt túlkun að þarna hafi verið öskuhaugur er líklegt að rannsókn á honum gefi góðar niðurstöður.

Áður hafði lítið svæði verið opnað utan við rými A og B og gaf það mjög góð fyrirheit um að á hlaðinu mætti finna ummerki um athafnir manna utandyra, en slíkar rannsóknir á svæðum utandyra hafa verið afar fátíðar fram að þessu. Meðal gripa sem fundust þá, var stór aflangur steinn með bolla (bollasteinn), meintur mælari hjá honum og óskráð bomba sem líkist þeim sem þegar hafa verið nefndar sem hugsanlegar kolur (Ibid 2007:27).

Vonandi verður hægt að rannsaka allt hlaðið eða því sem næst á næstu sumrum. Er þá átt við svæði sem afmarkast af línunum sem dregnar eru frá suðurhlið rýmis A til vesturs og frá vesturhlið fjóssins til suðurs.

Rými B

Rýmið er 2,65 x 4,75 m stórt og snýr nánast í N - S. Stærð þess er því 12,59 m². Frekari mál liggja ekki fyrir enn og ekki liggur heldur ljóst fyrir hvaða notagildi rýmið hafði. Þó er hugsanlegt að um einhverskonar vinnu- eða framleiðsluherbergi sé að ræða. Í SV - horni rýmisins var mikil þró úr áberandi stórum steinum og í NA - horninu var stakur stór og flatur steinn. Þró þessi virtist vera full af hreinum vikri, en ekki náðist að komast fyrir botn hennar.

Í rýminu voru 13 fundarnúmer skráð sumarið 2008. Voru það bein og tennur, þrjár járnmolur og einn nagli úr járni, bronsþynna og



Mynd 31. Eldsláttusteinn úr rauðum jaspis sem fannst í rými B. (Gripur nr. 224).



Mynd 32. Brýnið sem tálgað er í hvalslíki. Hausinn er hægra megin. Búrhvalur? (Gripur nr. 243).



Mynd 33. Rými B eins og það leit út við lok rannsókna. Niðri t.v. má sjá þrónna og uppi t.h. sést stóri flati steinninn. Dyrnar inn í rýmið eru uppi t.v. (Horft mót N. Stafrænar myndir nr. 103. Ljós. BFE).

bronshnoð, tvö bryni og tveir eldsláttusteinar. Annað brýnið var tálgað til í líki hvals, með sporð og haus, augu og munn. Annar eldsláttusteinninn er stráheill og úr rauðum jaspis.

Brýnið sem er tálgað í líki hvals gæti verið vísbending um til hvers rýmið var notað, þ.e.a.s. að þar hafi hvalur verið unninn á einn eða annan hátt, t.d. skorinn niður og verkaður. Þróin hefur þá væntanlega þjónað einhverju hlutverki í þessu sambandi.

Eitt sýni var tekið rétt austan við gryfjuna eða þrónna sunnarlega í rýminu.

Gólfíð var fullt af viðarkolum, brenndum og óbrenndum beinum, sóti og ösku eða dæmigert gólf þar sem manneskjur hafast við. Í kring um þrónna var gólfíð nokkuð herra en út til veggjanna, enda hafði myndast mun meira mannvistarlag þar. Þetta hlýtur að stafa af athöfnum við þrónna, athöfnum sem leitt hafa af sér myndun viðarkola, sóts, ösku og lífræns úrgangs. Í skýrslu IV er rýmið kallað stofa, en svo verður ekki gert framvegis. Nánari

lýsing á rýminu verður látið bíða næsta sumars, en rannsóknin nú fólst því sem næst aðeins í því að hreinsa burt vikurinn af gólfi og úr þrónni að hluta. Gólfið var aðeins rifið upp fyrir ljósmynd.

Ljósferi og upphitun

Mjög hefur komið á óvart að ekkert öruggt eldstæði annað en eldstæðið í herbergi G, hafi fundist í húsakynnum Bæjar. Varla er nokkur leið að eldstæðið í rými G hafi annað öllum bænum eitt og sér. Hins vegar er hægt að ímynda sér að eldstæðið hafi getað verið notað til að hita upp steina sem síðan hafi verið bornir í önnur herbergi eftir þörfum. Annar möguleiki er að þegar haft er í huga að á bænum var lýsi framleitt í stórum stíl, hafi eitthvað af lýsinu ekki aðeins verið haft til að gefa birtu, heldur einnig yl. Þá koma upp í hugann meintar kolur sem fóru að vekja athygli okkar þegar á leið uppgröftinn (sjá myndir 11 og 23 hér að framan). Um var að ræða helming eða því sem næst, af svokölluðum bombum. Hugsanlega hafa þær verið notaðar bæði til að gefa ljós, en kannski einkum og sérílagi til að gefa hita. Er hægt að ímynda sér að fleiri en einn kveikur hafi þá verið látinn brenna. Til eru frásagnir af því að hauskúpur af fé hafi verið notaðar sem kolur (Guðmundur Ólafsson 1987:353), en þær eru af svipaðri stærð og hinar meintu kolur frá Bæ. Þessar meintu kolur fundust í stærra búrinu (tvær), skálnum og á hlaðinu (óskráð enn). Einnig fundust þrjár hefðbundnar kolur, allar svokallaðar skaftkolur úr íslensku grjóti og allar fundnar í skálanum. Um önnur ljósferi á Bæ má nefna sjö eldsláttusteina, bæði úr hrafntinnu og jaspis (sjá myndir nr. 10 og 31). Athyglisvert er að eldsláttusteinarirnir hafa aðeins fundist í stofu og rými B.

Ef þróin í SV - horni stofunnar var eldstæði, hlýtur að koma til greina að minni þróin í rými A kunnir einnig að hafa verið eldstæði. Þá vaknar sú spurning hvernig svo lítil eldstæði hafi getað þjónað sama hlutverki og eldstæði gera á öðrum bæjum með mun stærri eldstæðum. Þá kemur lýsið aftur upp í hugann. Getur verið að eldiviður í þessum litlu eldstæðum hafi verið vættur með lýsi sem hafi þannig aukið hitann frá þeim? Hafi svo verið gæti það sama einnig hafa átt við hinar meintu stóru kolur.

Á Gröf voru eldstæði all ógreinileg. Í stofunni er talið að eldur hafi brunnið á gólfinu án sérstaks umbúnaðar og þar skammt hjá var talið að gæti verið feluhola (Gísli Gestsson 1959:22-23). Í skálanum var grunn steinþró (mál ekki gefin uppi) sem talið er að hafi verið eldstæði, þó ekki að staðaldri (Ibid 1959:18). Aðal elstæðið var í svokallaðri baðstofu og minnir það mjög á eldstæðið á Bæ að lögun og stærð, auk þess sem það er í sérstöku húsi.

Í meintu eldhúsi á Kúabót er talið að eldstæðið hafi verið einskonar laut án alls umbúnaðar. (Lilja Árnadóttir 1987:54). Í rými sem nefnt er baðstofa

var eldtæði sem var 0,55 x 1,20 m stórt og byggt inn í vegg (Gísli Gestsson 1987:48). Rými þetta er eins og meint eldhús/baðstofa á Bæ og Gröf, byggt utan í bæjarhúsin. Í skála var ekkert eldstæði (Ibid 1987:35).

